

Alþingi

við Austurvöll

Reykjavík

Borgarnesi, 19. október 2021

Varðar: Kætur vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021.

Vísað er til bréfs Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, dags. 14. október sl. varðandi kætur vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021.

Það skal tekið fram að Bragi R. Axelsson og Katrín Pálsdóttir, fulltrúar í fráfalandi yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis, standa ekki að þessari greinargerð þar sem þau telja ekki rétt að tjá sig um málið meðan sakamál vegna framkvæmda kosninganna er til meðferðar hjá lögreglustjóranum á Vesturlandi.

Rétt þykir að taka til umfjöllunar hverja kæru fyrir sig en fyrst verða teknar fyrir að því er virðist þrjár samhljóða kætur sem eru settar fram af Sigurði Erni Hilmarssyni lögmanni f.h. Hólmfríðar Árnadóttur, Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur og Guðmundar Gunnarssonar. Í umfjöllun þessari er höfð hliðsjón af kæru Guðmundar.

Kæra Guðmundar Gunnarssonar:

- Því er mótmælt að engin lagaheimild sé fyrir endurtalningu. Mörg fordæmi eru fyrir því, bæði í kosningum til Alþingis og til sveitarstjórna að endurtalning hafi farið fram. Oftast er það vegna þess að lítill munur er á atkvæðafjölda að baki tveimur eða fleiri framboðslistum. Endurtalning hefur þá ýmist farið fram að kröfu framboðs eða yfirkjörstjórn/kjörstjórn hefur ákveðið að eigin frumkvæði að telja atkvæði aftur til að tryggja að niðurstaðan væri rétt. Það er í raun fráleitt að halda því fram að ekki megi endurtelja því það getur vel gerst að þegar yfirkjörstjórn/kjörstjórn telur talningu lokið að í ljós komi að vankantar séu á talningunni og breytir þá engu í hverju þeir vankantar séu fölgirnir. Landskjörstjórn hefur gefið út kjörbréf til kjörinna alþingismanna og því ljóst að skýrslugerð yfirkjörstjórna til landskjörstjórna hefur verið fullnægjandi. Að öðru leyti er óþarfi að eyða orðum að umfjöllun í kærinni um skýrslugerð til landskjörstjórnar enda skiptir hún ekki máli í þessu sambandi.
- Það er enginn annar en yfirkjörstjórn sem getur tekið ákvörðun um endurtalningu atkvæða og það getur hún gert að eigin frumkvæði, samkvæmt kröfu umboðsmanns framboðs eða samkvæmt ábendingu í þá átt að rétt sé að endurtelja atkvæði af einhverjum ástæðum.
- Það þarf enga skýringu á því hvers vegna yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis (YK) ákvað að fresta fundi að morgni sunnudagsins 26. september sl. Hins vegar er ljóst hvers vegna það var gert en þá hafði fundur yfirkjörstjórnar staðið í tæplega sólarhring og því þurftu allir á hvíld að halda. Fundarfrestun stóð frá kl. 07:34-13:00.

- Á milli kl. 11:46 og 13:00 sunnudaginn 26. september sl. átti ekki annað sér stað en tiltekt og frágangur á talningarstað.
- Ástæða þess að athygli YK var fyrst á atkvæðum greidd C lista var sú að ábending formanns landskjörstjórnar til oddvita YK beindist að því að lítill munur væri á atkvæðafjölda að baki uppbótarmönnum í Norðvestur- og Suðurkjördæmi. Þannig að ef atkvæðafjöldi C lista var réttur yrði vart tilefni til frekari skoðunar á atkvæðaseðlum.
- Eins og fram er komið var fundi YK frestað að morgni 26. september sl. en honum var ekki slitið. YK lítur svo á að þá hafi talningu ekki verið lokið því vel gat verið að ástæða yrði til að yfirfara talningu að einhverju leyti þegar fundi yrði framhaldið síðar sama dag. YK telur því að tilvitnun í 104. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 eigi hér ekki við. YK fullyrðir að það hafi enginn átt við kjörgögn í salnum þar sem talningin fór fram meðan á fundarfrestun stóð en eftirlitsmyndavélar eru við inngang í salinn. Ekki þykir ástæða til að elta ólar við rangfærslur í fjölmiðlum sem kærandi vitnar til varðandi varðveislu kjörgagna meðan á fundarfrestun stóð. Enda hafa þær tilvitnanir enga þýðingu í málinu.
- Aðsetur YK á kjördag var auglýst lögum samkvæmt og það er augljóst að endurtalning atkvæða er ekki auglýst fyrir almenning enda fer hún yfirleitt fram með skömmum fyrirvara. Opnun kjörkassa úr kjördeildum og meðhöndlun atkvæðaseðla í framhaldi af því var lögum samkvæmt. Umboðsmönnum framboðslista og almenningi var heimilt að vera viðstaddur talningu atkvæða eftir að hún hófst kl. 22:00 að kvöldi kjördags. Öllum aðdróttunum í kæru um að þetta hafi ekki verið í lagi er mótmælt enda eru engin rök færð fyrir þessum aðdróttunum í kærinni.
- Það er að sjálfsögðu ákvörðun umboðsmanna að hve miklu leyti þeir sinna þeim störfum sem þeim er heimilt eða skylt að sinna skv. lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Yfirkjörstjórn hefur ekki boðvald yfir umboðsmönnum nema að því leyti að þeir haldi sig innan þess ramma sem lög bjóða við eftirlit þeirra við framkvæmd kosninga eða talningu atkvæða. Umboðsmenn gátu hvenær sem er í ferlinu sett fram kröfur varðandi einstök atriði eða óskað eftir því að YK myndi bóka athugasemdir við eitthvað sem þeim þótti að betur mætti fara og og áskilið sér rétt í því sambandi. Enginn umboðsmaður gerði þetta. Umboðsmaður Pírata, sem ekki var viðstaddur upphaf endurtalningar, hefði til að mynda geta krafist þess að öll endurtalningin yrði endurtekin. En þess skal getið varðandi nefndan umboðsmann að hann fékk að skoða alla atkvæðaseðla sem höfðu verið úrskurðaðir ógildir og auða seðla. Hann gerði engar athugasemdir varðandi niðurstöðu YK varðandi þá atkvæðaseðla. Það skal tekið fram að umboðsmaður Pírata var ekki viðstaddur talningu atkvæða í lok kjörfundar.
- Fyrir utan almennt eftirlit umboðsmanna framboða og eftirlit með talningu atkvæða er mikilvægast starf þeirra að gæta réttar framboðsins ef vafi kann að leika á því hvort atkvæði sé gilt og þá sérstaklega ef atkvæðið yrði talið greitt viðkomandi framboði verði það yfir höfuð talið gilt. Væri umboðsmaður viðkomandi framboðs ekki viðstaddur þegar kæmi til úrskurðar um atkvæðið myndi YK tilnefna framboðinu umboðsmann, sbr. 98. gr. laga nr. 24/2000. En þar er tekið fram að yfirkjörstjórn skuli kveðja til valinkunna menn til að gæta réttar listans. En tilnefning yfirkjörstjórnar er því bundin við það að það þurfi að gæta réttar listans af einhverjum ástæðum. Ef yfirkjörstjórn telur ekki að gæta þurfi réttar listans er henni ekki skylt að kveðja til valinkunna menn í þeim tilgangi.

- Í fundargerð YK koma fram fullnægjandi skýringar á þeim breytingum sem urðu við endurtalningu atkvæða. Bollaleggingar kæranda um að þar sé eitthvað óeðlilegt á ferðinni eiga við engin rök að styðjast. Við endurtalningu atkvæðanna þurfti ekki að skera úr gildi kjörseðla þar sem þeir sem voru ógildir höfðu allir verið úrskurðaðir ógildir í upphaflegu talningunni og jafnóðum og þeir komu í talningu. Það var enginn ágreiningur um það í YK hvaða kjörseðlar væru ógildir og umboðsmenn gerðu engar athugasemdir við niðurstöðu YK hvað það varðar. Það kemur fram í gerðabók hvað ógildir kjörseðlar eru margir. Aðdróttanir um að auðum kjörseðlum hafi verið breytt „í seðil sem virðist vera gilt atkvæði“ eða gildu atkvæði hafi verið breytt í ógilt er harðlega mótmælt. Það skal tekið fram að ekki er til kjörseðill sem virðist „gilt atkvæði“ þannig að ekki er ljóst hvað átt er við með því. En aðdróttanir þessar eru mjög alvarlegar og sérstaklega vegna þess að þær eru algerlega órökstuddar. Í raun er um rangar sakargiftir að ræða sem eru refsiverðar.
- Breytingar frá upphaflegri talningu til endurtalningar eru mannleg mistök og YK hefur beðist velvirðingar á þeim enda ber hún ábyrgð á þeim en enginn annar.
- Það skal loks ítrekað að YK fullyrðir að það hafi enginn átt við kjörgögnin meðan á fundarfrestuninni stóð.

Kæra Karls Gauta Hjaltasonar:

- Krafa kæranda vekur furðu því samkvæmt henni vill hann byggja niðurstöður í kosningum til Alþingis á röngum tölum. Þó það verði gert hefur hann ekki áhyggjur af því að „orðstír Íslands sem lýðræðisríki bíða verulegan hnekki“ eins og fram kemur í niðurlagi kæru hans.
- Það skal tekið fram að lokatölur eru ekki eitthvað hugtak sem verður til á ákveðnum tímamarki þegar talning atkvæða fer fram og menn geti byggt réttarstöðu á þeim meintu lokatölum. Lokatölur eru þær tölur sem verða til þegar það er ljóst að endanleg talning hefur farið fram og þær tölur geti ekki breyst.
- YK þurfti ekki að fá kröfu frá einum né neinum um endurtalningu atkvæða svo hún færi fram. Það er YK sem ákveður endurtalningu og að sjálfsgöðu er YK heimilt að endurtelja telji hún það rétt af einhverjum ástæðum. Það er ein af mörgum rangfærslum í kæru KGH að oddviti hafi einn og sér ákveðið endurtalningu. Þessari rangfærslu heldur kærandi fram þó annað standi í gerðarbók YK sem kærandi hefur fengið senda.
- Það hófst engin atburðarrás í kjölfar fundarfrestunar að morgni 26. september sl. sem á sér enga stoð í lögum og þá hefur oddviti YK aldrei staðfest að ekki hafi verið gengið frá kjörgögnum í samræmi við 104. gr. laga nr. 24/2000.
- Það er rangt hjá kæranda að boðun umboðsmanna, umgengni einstakra kjörstjórnarmanna um óinnsiglið kjörgögn og undirritanir í gerðabók YK hafi ekki verið í lagi. Enda færir kærandi engin rök fyrir þessum fullyrðingum sínum og umgengst sannleikann ansi frjállega svo ekki sé meira sagt. Væri nú ekki rétt að kærandi myndi nefna með nafni þessa einstöku kjörstjórnarmenn sem hafa borið um misræmi milli bókana í gerðabók og frásagna þeirra „um atburðarrás um hádegisbil á sunnudeginum og meintrar neitunar á undirritun einstakra kjörstjórnarmanna á fundargerð í gerðabók yfirkjörstjórnar.“ Þetta eru staðlausir stafir hjá kæranda eins og ýmislegt annað sem fram kemur í kæru hans. Það hafa allir fulltrúar í YK samþykkt fundargerð frá 25.-26. september sl.

- Það er ekkert óeðlilegt við það að oddviti YK hafi verið „einn innan um óinnsigliuð kjörgögn í nánasta hálf klukkustund,“ Til stuðnings þessari fullyrðingu vísar kærandi til 71. gr. laga nr. 24/2000 er þar er verið að fjalla um kosningu á kjörfundi en ekki vinnu yfirkjörstjórna.
- Það voru ekki alvarlegir ágallar á boðun umboðsmanna áður en endurtalning fór fram. Ekki var heldur ástæða til að kveðja til aðila til að gæta réttar þeirra framboða sem umboðsmenn voru ekki mættir fyrir. Enda reyndi ekki sérstaklega á rétt þeirra framboða við endurtalninguna.
- Varðandi undirritanir í gerðabók YK þykir í raun óþarft að taka fram að samskipti hafa á undanförunum árum færst mjög í rafrænt form og þannig hafa fundargerðir YK jafnan verið afgreiddar að undanförunu. Það er enginn ágreiningur um efni fundargerðar YK frá 25.-26. september sl. enda segir í lok hennar að hún sé upplestin, staðfest rétt og síðan eru nöfn fulltrúa í YK undir. Það gátu allir umboðsmenn sem vildu fengið ritaðar athugasemdir eða kröfur í fundargerð YK á hvaða stigi málsins sem var en enginn fór fram á það.
- Kæranda þykir rétt og eðlilegt að byggja heimildir sínar á ónafngreindum heimildarmanni m.a. um að meðhöndlun atkvæða hafi verið hafin „eins og það er orðað“ áður en fundur hafi verið settur og „ekki hafi verið eining meðal kjörstjórnarinnar um endurtalninguna og hluti kjörstjórnarmanna hafi neitað að undirrita fundargerðina síðdegis á sunnudeginum.“ Það er greinilega ekki gott að byggja á upplýsingum frá þessum ónafngreinda heimildarmanni því þetta er rangt. Það ætti kærandi raunar að hafa getað séð hafi hann lesið fundargerð YK. En kæranda virðist það tamara að fara með rangt mál frekar en staðreyndir málsins.
- Það er einnig rangt hjá kæranda, eins og áður hefur komið fram, að það var ekki úrskurðað um nein vafaatkvæði síðdegis á sunnudegi. Um ógildi atkvæðaseðla var úrskurðað um leið og þeir komu til upphaflegrar talningar og um ógildi þeirra var enginn ágreiningur.

Kæra Magnúsar Davíðs Norðdahl:

- Fundi YK var frestað að morgni sunnudags og á meðan á fundarfrestun stóð telur YK að ekki hafi verið skylt að innsigla kjörgögn skv. 2. mgr. 104. gr. laga nr. 24/2000. Enda gat vel verið að YK þyrfti að meðhöndla kjörgögnin og hugsanlega að endurtelja þegar fundi yrði framhaldið.
- Þegar ákvörðun um endurtalningu lá fyrir hringdi oddviti í umboðsmenn framboðslista og tilkynnti þá niðurstöðu. Varðandi boðun á umboðsmanni Pírata segir þetta í fundargerð YK: „Í því sambandi skal þess getið að vegna Pírata reyndi oddviti að hringja í Helga S. Þorsteinsson sem afhent hafði yfirkjörstjórn framboðslista flokksins en oddviti hafði láðst að uppfæra lista yfir umboðsmenn flokksins en það voru tveir efstu menn á framboðslista hans. Ekki náðist í Helga en skömmu síðar hafði Magnús Norðdahl samband við oddviti yfirkjörstjórnar þar sem hann hafði frétt af endurtalningunni. Magnús mætti síðan á talningarstað skömmu eftir að endurtalning hófst.“ Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð en þess skal getið að Píratar sáu ekki ástæðu til að hafa umboðsmann viðstaddan talningu atkvæða í kjölfar lokunar kjörstaða að kvöldi 25. september sl. Þá óskaði umboðsmaður ekki eftir bókun um t.d. endurtalninguna í gerðabók YK.

- Það er rangt hjá kæranda að oddviti hafi lýst því að hann hafi frekar fylgt hefðum en kosningalögum. YK lítur svo á að hún hafi í einu og öllu farið að lögum í störfum sínum í tengslum við kosningar til Alþingis 25. september sl.
- Kærandi fullyrðir að hann hafi vantað „*örfa atkvæði að vera kjörinn þingmaður í kjördæminu.*“ Ekki er ljóst hvernig kærandi fær þessa útkomu. Að baki síðasta kjördæmakjörna þingmanni í Norðvesturkjördæmi eru 1.483 atkvæði en P listi fékk 1.081 atkvæði eða 401 færri atkvæði en eru að baki fyrrgreindum þingmanni. Þá féll jöfnunarsæti kjördæmisins ekki í hlut P lista. Ekki er því ljóst á hverju útreikningur kæranda byggir.
- Það er rangt eins og ítrekað hefur áður komið fram að vafa atkvæði hafi verið tekin til úrskurðar þegar endurtalningin fór fram. Er undarlegt að kærandi skuli halda þessu fram því hann fékk að skoða alla seðla sem höfðu verið úrskurðaðir ógildir við upphaflegu talninguna og hefði því átt að vera kunnugt að það var ekki verið að úrskurða um ógildi þeirra við endurtalninguna. Þá fékk kærandi einnig að fletta í gegnum auða seðla. Kærandi setur því fram fullyrðingar gegn betri vitund.
- Oddviti YK leysti ekki einn „*úr öðrum vafaatriðum í heildarferli kosninganna í Norðvesturkjördæmi.*“ Ákvarðanir sem þurfti að taka voru teknar af allri YK og um þær var ekki ágreiningur.

Kæra Katrínar Oddsdóttur:

- Kærandi virðist líta þannig á löggjafarsamkoman eigi að vera skipuð fulltrúum sem kærandi eða hugsanlega einhver annar telur heppilegt að þar eigi sæti en vilji kjósanda eigi þar ekki að ráða för. Þess vegna sé líklega í lagi að byggja niðurstöður kosninga á tölum sem urðu til fyrir mannleg mistök frekar en réttum tölum. Því kærandi telur slæmt að endurtalning hafi orðið til þess dottið hafi út úr hennar „*kjördæmi ungur kvenkyns þingmaður af erlendum uppruna sem ég tel að hefði verið mikilvæg rödd á vettvangi löggjafans.*“ Kærandi virðist því líta svo á að viðkomandi hafi verið orðinn þingmaður áður en kjörbréf var gefið út. Kærandi telur einnig slæmt að dottið hafi „*út fyrsti kvenmeirihluti á löggjafarþingi í Evrópu á milli talninga*“ Kærandi virðist því líta þannig á að það sé í lagi að byggja niðurstöður kosninga á röngum tölum ef samsetning Alþingis yrði þannig meira að hennar skapi eða hugsanlega annarra.
- Framkvæmd kosningar í Norðvesturkjördæmi var ekki ólögmat og það er rangt hjá kæranda að yfirlýsing YK frá 1. október sl. segi til um það. Í þeirri yfirlýsingu sagði aðeins að hin mannlegu mistök sem urðu við talningu atkvæða hafi verið á ábyrgð YK en engra annarra. Er það í samræmi við fundargerð yfirkjörstjórnar frá 25. – 26. september sl. en þar kemur fram að mannleg mistök hafi orðið og þau harmi YK og biðst velvirðingar á þeim.
- Það er ekki orðum eyðandi á umfjöllun kæranda um „*pólítísk tengsl hlutaðeigandi aðila.*“ Þar er aðeins um dylgjur og aðdróttanir að ræða sem í raun gera það að verkum að það er í engu hægt að taka mark á því sem kærandi heldur fram. Verður að telja í meira lagi undarlegt að slíkur málalátunnaður sé hafður uppi af lögfræðingi og formanni Stjórnarskrárfélagsins sem vill væntanlega láta taka sig alvarlega. Reyndar virðist kærandi nú aðeins hafa séð að sér því u.þ.b. tveimur blaðsíðum aftar en hún ritar um hin pólítísku tengsl segir hún að hún sé nú ekki að saka tiltekna einstaklinga um lögbrot.

Kæra Þorvaldar Gylfasonar:

- Ekki þykir ástæða til að elta ólar við mis áreiðanlegar tilvitnanir í fjölmiðlum vegna málsins enda hafa þær enga þýðingu í þessu máli.
- Það skal ítrekað að oddviti YK hefur aldrei játað að hafa brotið gegn kosningalögum og því er sú fullyrðing kæranda röng.

Kæra Sigurðar Hreins Sigurðssonar:

- Það er ekkert athugavert við það að oddviti eða einhver annar fulltrúi í YK hafi verið einn á talningarstað þar sem kjörgögn voru.
- Það er rangt að hluti YK hafi neitað að rita undir fundargerð og umboðsmönnum allra framboða var gert viðvart um endurtalningu atkvæða eins og áður hefur komið fram.
- Í yfirlýsingu YK frá 1. október sl. fellst engin viðurkenning á einhverju óeðlilegu. Þar var aðeins um ítrekun að ræða á því sem fram kemur í fundargerð að endurtalning hafi farið fram þar sem mannleg mistök hafi orðið sem YK beri ábyrgð á en enginn annar.
- Eins og áður hefur komið fram er ákvörðun um endurtalningu alfarið í höndum YK og hún var heimil í umræddu tilviki. Það er rangt, eins og ýmislegt annað hjá kæranda, að endurtalningin hafi verið „gerð í trássi við vilja kjörstjórnar og án þess að fulltrúar framboðslista væru upplýstir um það.“

Kæra Sveins Flóka Guðmundssonar:

- Óþarfi er að eyða orðum á dylgjur um hæfni oddvita YK á hinum ýmsu sviðum.
- Það skal ítrekað að YK fullyrðir að það hafi verið í lagi með varðveislu kjörgagna meðan á fundarfrestun stóð.
- Það skal ítrekað sem áður hefur komið fram að engin vafa atkvæði voru tekin til úrskurðar þegar endurtalning fór fram.

Kæra Lenya Rúnar Taha Karim:

- Það vekur furðu að kærandi vilji byggja niðurstöður úr kosningu til Alþingis á rangri talningu sem varð til fyrir mannleg mistök.
- Það skal ítrekað að það er ekkert athugavert að oddviti YK eða annar fulltrúi í yfirkjörstjórn kunni að hafa verið einn á þeim stað sem kjörgögn voru.
- Það var ekki oddviti einn sem ákvað að byrjað yrði á því að skoða atkvæði greidd C lista heldur var það sameiginleg ákvörðun YK.
- Engin þörf var á því að auglýsa endurtalninguna opinberlega þannig að almenningur gæti verið viðstaddur.
- Það skal enn og aftur ítrekað að YK fullyrðir að það hafi verið í lagi með varðveislu kjörgagna meðan á fundarfrestun stóð.
- Aðdróttanir um að oddviti hafi spilt kjörgögnum er harðlega mótmælt enda engin rök færð fyrir þeirri fullyrðingu. Raunar er um rangar sakargiftir að ræða sem eru refsiverðar.

Kæra Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar og Ólafs Jónssonar:

- Ekki verður séð að kærurnar varði störf YK sérstaklega.

Að lokum skal það ítrekað að YK telur að hún hafi í einu og öllu farið að lögum varðandi framkvæmd kosninga til Alþingis laugardaginn 25. september sl. og við talningu atkvæða í kjölfar kosninganna. Ekkert sé fram komið sem bendir til þess að slíkir ágallar hafi verið á kosningunni í Norðvesturkjördæmi sem leitt geti til ógildingar þeirra.

Meðfylgjandi greinargerð þessari er fundargerð og greinargerð YK til landskjörstjórnar.

f.h. undirritaðs, Guðrúnar Sighvatsdóttur og
Ingibjargar Ingu Guðmundsdóttur fulltrúa í
fráfarandi yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

Ingi Tryggvason